

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 169/2009

2011/EES/40/08

frá 26. febrúar 2009

um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

- 3) Samkeppnisreglur á þessum sviðum skulu taka tillit til sérkenna á sviði flutningastarfsemi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

- 4) Þar sem samkeppnisreglur um flutninga víkja frá almennum samkeppnisreglum, skal fyrirtækjum gert kleift að komast að því hvaða reglur gilda í hverju tilviki.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

- 5) Samkeppnisreglur um flutninga skulu gilda jafnt um sameiginlega fjármögnun eða kaup á flutningatækjum fyrir sameiginlegan rekstur vegna þjónustu tiltekinna fyrirtækjasamtaka og enn fremur um tilteknar aðgerðir í tengslum við flutninga á járnbrautum, vegum eða skipgengum vatnaleiðum af hálfu þeirra sem veita þjónustu í tengslum við flutninga.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Samkeppnisreglur um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum eru hluti af sameiginlegri stefnu í flutningamálum og almennri efnahagsstefnu.

- 6) Til að tryggja að viðskipti milli aðildarríkja verði ekki fyrir áhrifum eða samkeppni á innri markaðnum raskist ekki er nauðsynlegt að banna að jafnaði, að því er varðar þrenns konar flutningsmáta sem eru tilgreindir hér að framan, alla samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja og öll tilvik misnotkunar á yfirburðastöðu á innri markaðnum sem gæti haft slík áhrif.
- 7) Heimilt er að undanþiggja tilteknar gerðir samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði flutninga, sem hafa einungis það markmið og þau áhrif að koma á tæknilegum umbótum eða tæknisamvinnu, frá banni við samkeppnishamlandi samningum þar sem þær stuðla að aukinni framleiðni. Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu þessarar reglugerðar er ráðinu heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að breyta skránni yfir slíkar gerðir samninga.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 5.3.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIV viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 31.3.2011, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 219 E, 28.8.2008, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 161, 13.7.2007, bls. 100.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá I. viðauka.

- 8) Í því skyni að stuðla að umbótum, í uppbyggingu atvinnugreina á sviði vega og skipgengra vatnaleiða, sem hafa stundum verið of tvístraðar, skal einnig veita undanþágu frá banni um samkeppnishamlandi samninga ef um er að ræða samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem lúta að stofnun og rekstri fyrirtækjasamtaka á þessum tveimur sviðum flutninga þar sem markmiðið er að stunda flutningastarfsemi, þ.m.t. sameiginleg fjármögnun eða kaup á flutningatækjum fyrir sameiginlega flutningaþjónustu. Slíka heildarundanþágu má einungis veita gegn því skilyrði að heildarflutningsgeta fyrirtækjasamtaka fari ekki yfir fast hámark og flutningsgeta einstakra fyrirtækja innan samtakanna fari ekki yfir tiltekin fastsett mörk til að tryggja að ekkert eitt fyrirtæki geti náð yfirburðastöðu innan samtakanna. Framkvæmdastjórnin skal þó, í sérstökum tilvikum, hafa heimild til að hafa afskipti af slíkum samningum ef áhrif þeirra eru ósamrýmanleg þeim skilyrðum sem þeir þurfa að uppfylla til að teljast löglegir jafnvel þótt þeir falli undir samkeppnishamlandi samninga sem felur í sér misnotkun á undanþágunni. Jafnvel þótt fyrirtækjasamtök hafi meiri heildarflutningsgetu en sem nemur föstu hámarki eða geti ekki farið fram á heildarundanþágu vegna flutningsgetu einstakra fyrirtækja í samtökunum útilokar það í sjálfu sér þau ekki frá því að stofna til lögmætra samninga, ákvarðana eða grípa til samstilltra aðgerða enda uppfylli þau viðeigandi skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 9) Það kemur í hlut fyrirtækjanna sjálfra að meta í upphafi hvort samningar þeirra, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir hamli samkeppni eða hvort fjárhagslegur ávinningur réttlæti slíkar hömlur og að ákvarða þannig, á eigin ábyrgð, lögmæti eða ólögmæti slíkra samninga, ákvarðana eða samstilltra aðgerða.
- 10) Því skal leyfa fyrirtækjum að gera og nota samninga án þess að tilkynna um þá. Hætt er við að slíkir samningar verði lýstir ógildir með afturvirkum áhrifum verði þeir teknir til skoðunar vegna kæru eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar en það kemur ekki í veg fyrir að þeir verði lýstir lögmætir með afturvirkum áhrifum komi til slíkrar skoðunar síðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda á sviði flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða verða til þess að flutningsgjöld og -skilmálar eru fastsett, framboði á flutningaþjónustu er stýrt eða það takmarkað, flutningsmarkaðnum er skipt upp, tæknínýjungum er beitt eða samvinnu á sviði tækni eða ráðist er í

sameiginlega fjármögnun eða innkaup á tækjum eða aðföngum með þeim hætti að það tengist beinlínis flutningaþjónustu og er nauðsynlegt fyrir sameiginlegan rekstur á þjónustu fyrirtækjasamtaka, í skilningi 3. gr., sem annast flutninga á vegum eða skipgengum vatnaleiðum svo og um misnotkun á yfirburðastöðu á flutningsmarkaðnum. Þessi ákvæði gilda einnig um starfsemi þeirra sem veita stöðþjónustu við flutninga, þegar starfsemin miðar að því eða leiðir til þess sem að framan greinir.

2. gr.

Undanþágur fyrir samninga um tæknimál

1. Bannið í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans skal ekki gilda um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði og verða til þess að koma á tæknilegum umbótum eða stofna til tæknilegrar samvinnu:

- með stöðlun á búnaði, aðföngum til flutninga, ökutækjum og föstum mannvirkjum,
- með skiptum eða samnýtingu á starfsfólki, búnaði, ökutækjum eða föstum mannvirkjum við starfrækslu á flutningaþjónustu,
- með skipulagningu og starfrækslu á samhæfðri eða sameinaðri flutningastarfsemi, og ákvörðun og beitingu heildargjalda og -skilmála að því er varðar slíkan rekstur, að meðtöldum sérstökum samkeppnishæfum gjöldum,
- með því að nota þær flutningaleiðir sem hagkvæmastar eru í rekstrarlegu tilliti þegar notaður er einn flutningsmáti,
- með samræmingu á tímaáætlunum fyrir flutningaleiðir sem tengjast,
- með sameiningu einstakra vörusendinga,
- með setningu samræmdra reglna um flutningstaxta og -skilmála fyrir beitingu þeirra, án þess þó að í reglunum sé mælt fyrir um flutningsgjöld og -skilmála.

2. Framkvæmdastjórnin leggur, eftir atvikum, tillögur fyrir ráðið um að auka við eða skerða atriðin sem talin eru upp í 1. mgr.

3. gr.

Undanþágur fyrir samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1. Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem um getur í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skulu undanþegin banninu í þeirri grein enda sé tilgangurinn með þeim:

a) að stofna og reka samtök fyrirtækja á sviði flutninga á vegum eða skipgengum vatnaleiðum sem hyggjast starfrækja flutningastarfsemi,

4. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 1017/68, eins og henni var breytt með reglugerð sem tilgreind er í A-hlut I. viðauka, er felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 13. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 fyrir 1. maí 2004 þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölfunni í II. viðauka.

enda sé heildarflutningsgeta samtakanna ekki meiri en:

i. 10 000 tonn þegar um er að ræða flutninga á vegum,

5. gr.

ii. 500 000 tonn þegar um er að ræða flutninga á skipgengum vatnaleiðum.

Gildistaka og núgildandi samningar

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Bannið í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildir ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi á þeim degi þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð fengu aðild eða þeim degi sem Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Malta, Pólland, Slóvenía og Slóvakía fengu aðild og sem, á grundvelli aðildar, falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. ef þeim er breytt innan sex mánaða frá aðildardegi þannig að þau uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. gr. þessarar reglugerðar. Þessi málsgrein á ekki við um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem þegar falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins á aðildardegi.

Flutningsgeta hvers fyrirtækis sem tilheyrir samtökunum má ekki vera meiri en 1 000 tonn þegar um er að ræða flutninga á vegum og ekki meira en 50 000 tonn þegar um er að ræða flutninga á skipgengum vatnaleiðum.

2. Hafi framkvæmd samnings, ákvörðunar eða samstilltra aðgerða, sem fjallað er um í 1. mgr., þau áhrif í einhverju tilviki að samrýmist ekki kröfum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, er heimilt að fara fram á það við fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að bundinn verði endi á slíkt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2009.

Fyrir hönd ráðsins,

I. LANGER

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld reglugerð með síðari breytingu

(sem um getur í 4. gr.)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68
(Stjttíð. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1)

að undanskildri 3. mgr. 13. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003

(Stjttíð. EB L 1, 4.1. 2003, bls. 1)

Eingöngu 36. gr.

B-HLUTI

Síðari breytingar sem eru ekki felldar úr gildi

Lög um aðild frá 1972

Lög um aðild frá 1979

Lög um aðild frá 1994

Lög um aðild frá 2003

—

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 1017/68	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
3. gr.	2. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	a-liður fyrstu inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Annar undirliður fyrstu inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	b-liður fyrstu inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður annarrar inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	i. liður annarrar inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Annar undirliður annarrar inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.	ii. liður annarrar inngangssætningar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 3. gr.
—	4. gr.
1. mgr. 30. gr.	1. mgr. 5. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 30. gr.	2. mgr. 5. gr.
31. gr.	—
—	I. viðauki
—	II. viðauki